

Hins vegar virðist meiri hluti bæjarstjórnarinnar ekki hafa lagt þýðingu þá, sem spurning er um, í undanfærslu áfrýjandans fyrir en á fundinum 6. nóvbr. f. á., því fyrst á þessum fundi hefir verið ritað nokkuð í gjörðabókina um, að oddviti hafi skorað á hlutaðeiganda um að skrifa undir, og að hann hefði skorast undan að gjöra það sama kvöld. En hefði meiri hluti bæjarstjórnarinnar viljað byggja ályktun sína á undanfærslu þeirri frá að skrifa undir gjörðabókina, er átt hafði sjer stað um fleiri mánuði, hefði átt að geta þess í gjörðabókinni, og gefa það hlutaðeigandi bæjarfulltrúa til kynna á tilhlýðilegan hátt í hvert sinn, er hann hafði skorast undan að gegna skyldu þeirri, sem rétt hefir verið um, þegar þetta var gjört 6. nóvbr. f. á. hefir það, eins og að ofan er skýrt frá, haft þá afleiðingu, að áfrýjandinn hætti við undanfærslu sína, og skrifaði undir, þó hann gjörði það á óreglulegan hátt.

Samkvæmt því, sem tekið er fram, verður ekki sjeð, að skyldubroti því, sem áfrýjandinn hefir orðið sekur í, hafi verið svo varið, að það hafi gjört það nauðsynlegt, að hann færi úr bæjarstjórninni, og ályktun sú, sem meiri hluti bæjarstjórnarinnar gjörði á fundinum 4. desbr. f. á. er því samkvæmt 10. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 hjer með úr gildi felld.

— **Skýrsla** um endurskoðun hinna sjerstöku íslenzku reikninga af hendi Árna landfógeta Thorsteinssonar 1876—1879. 3
14. jan.

Skýrslur og reikningar.	Innkomnir.	Endurskoðaðir.	Eptir.	Útkljáðir.	Eptir.
Skiptaskýrslur	90	90	»	70	20
Sýslureikningar	84	84	»	66	18
Spítalareikningar	72	64	8	46	26
Lestagjaldsreikningar	30	30	»	27	3
Tollreikningar	98	98	»	73	25
Umboðsjarðareikningar	103	80	23	78	25
Kirknareikningar	42	36	6	27	15
Ýmislegir reikningar	51	45	6	37	14
Aukatekjureikningar	19	19	»	1	18
Vitagjaldsreikningar	1	1	»	1	»
	590	547	43	426	164

Reykjavík 14. janúar 1880

Á. Thorsteinsson.

Reikningar.

Ágrip af reikningum nokkurra almenningsjóða, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.
(Framhald frá stjórnartíðindunum 1879 B., bls. 176).

IV.

Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins á árinu 1878.